
Endurvinnsla á saltgjalli og gjallsandi, Grundartanga

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 24. nóvember 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Alur álvinnslu um endurvinnslu á saltgjalli og gjallsandi á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. liði 4.05 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfis- og orkustofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Endurvinnsla á saltgjalli og gjallsandi, Grundartanga. Matsskyldufyrirspurn. Alur álvinnsla og VSÓ ráðgjöf. Nóvember 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit, dags. 17. desember 2025
- Hafrannsóknastofnun, dags. 19. desember 2025
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 23. desember 2025
- Umhverfis- og orkustofnun, dags. 22. desember 2025

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 5. janúar 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Alur álvinnsla hefur endurunnið álgjall frá árinu 2012 á Grundartanga og er með starfsleyfi fyrir endurvinnslunni. Alur vinnur ál úr álgjalli. Í ferlinu fellur til svokallað saltgjall og gjallsandur sem hefur hingað til verið sent úr landi til endurvinnslu eða urðað í flæðigryfju við Grundartanga. Síðastliðin þrjú ár hefur staðið yfir tilraun um úrvinnslu á saltgjalli og gjallsandi hérlandis. Tilrauninni er að ljúka með jákvæðum árangri og er búið að breyta framleiðsluferli Als álvinnslu þannig að bætt er við skrefi í framleiðsluferilinn þar sem saltgjall og gjallsandur eru hlutleyst og til verður söluvaran NMP, sem samanstendur af áloxíði og ýmsum málmoxíðum. NMP er selt til iðnaðarframleiðslu og er m.a. notað til íblöndunar í steinull, sement og malbik. Breytingin á framleiðsluferlum Als felst í viðbótarskrefi við núverandi framleiðslulínu og rúmast búnaðurinn innan bygginga og starfslóðar fyrirtækisins.

Í greinargerð kemur fram að Alur vinni úr um 7.000 – 9.000 tonnum af álgjalli á ári. Úr því sé unnið um 3.500 – 4.000 tonn af áli. Það falli til um 2.000 - 2.500 tonn af saltgjalli, þar af séu um 600 – 800 tonn saltflúx. Um 2.000 - 2.500 tonn af gjallsandi myndast í framleiðslunni. Reiknað er með að framleiðsla á NMP verði um 4.000 – 5.000 tonn á ári.



4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Als álvinnslu og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á vatnshlot

Í greinargerð Als er birt áhrifamat á vatnshlot sem er byggt á leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot. Samkvæmt áhrifamatinu sé ekki gert ráð fyrir áhrifum á magnstöðu grunnvatnshlotsins Melabakkar-Leirá (104-193-G), þar sem viðbótarvatnstaka nemi að hámarki 0,7 L/s úr grunnvatnshlotinu. Að sama skapi sé ekki gert ráð fyrir neikvæðum efnafræðilegum áhrifum á grunnvatnshlotið þar sem engin losun í grunnvatn muni eiga sér stað.

Fram kemur að við mat á áhrifum á efna- og vistfræðilegt ástand strandsjávarhlotsins Hvalfjörður (104-1330-C), hafi sérstaklega verið horft til flúors sem berist í frárænnslu í framleiðsluferlinu. Niðurstaða umhverfisvöktunar sé að mjög lítil eða engin hættu sé á áhrifum af flúori í því magni sem mælt hafi á vöktunarstöðum. Í frárænnslu frá starfseminni fari flúor og klór. Fram til þessa hafi gjallsandur verið urðaður í flæðigryfjum og efnin hafi skolest í sjó þar. Með því að vinna gjallsand hjá Al verði hætt að urða hann í flæðigryfjum. Því má segja að losun flúors og klórs færist til frá flæðigryfjum að útrás hjá Al. Ekki sé ástæða til að ætla að áhrif á lífríki breytist við það. Mæling á styrk flúors á mælistöðum í Hvalfirði gefi ekki tilefni til þess að álykta að núverandi álag sé líklegt til að hafa áhrif á strandsjávarhlotið.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar er ekki talið líklegt að tilfærsla á losun flúors frá flæðigryfjum í frárænnslu muni hafa áhrif á strandsjávarhlotið, en styrkur þess í vöktunarmælingum í Hvalfirði hafi mælt eðlilegur fyrir sjó.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er ekki gerð athugasemd við kynnt mat á áhrifum á vatnshlot en bent á almennt, að í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda á ferskvatns-, árósavötn og/eða sjó þurfi einnig að horfa til staðbundinnar mengunar til viðbótar við að horfa til regluverks og umhverfisviðmiða sem skilgreind séu undir stjórn vatnamála. Út frá upplýsingum í greinargerð telji Hafrannsóknastofnun þó að hvorki séu líkur á athugunarverðri aukinni mengun á nærsvæði starfseminnar sem kalli á sérstakt umhverfismat, né heldur að meta þurfi möguleg áhrif á vatnshlot þau sem fjallað sé um í matsskyldufyrirspurninni.

Áhrif á loftgæði

Í greinargerð Als kemur fram að losun í andrúmsloft sé lítil sem engin í ferlinu. Fræðilega séð geti myndast lítið magn af metani og vetni. Í tilraunum hafi hvorki mælt vetni né metan en það verði vaktað. Allur búnaður sé lokaður og afloftun sé á einum stað sem sé vaktaður. Borið hafi á því að lykt finnist frá starfsemi Als og sé hún rakin til þess að ammoníak geti myndast þegar raki sé í lofti. Með þessu ferli sé ekki lengur hættu á ammoníaklykt þar sem viðbótarferillinn fjarlægir ammoníak sem hafi valdið óþægindum fyrir starfsmenn og nágranna. Í ferlinu séu efnin uppleyst og falli út í torlestum söltum en ekki verði uppgufun í ferlinu. Söltin verði hluti af framleiðsluvörunni NMP.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 og deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga. Vestursvæði.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfis- og orkustofunnar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.



6 Niðurstaða

Um er að ræða fullvinnslu álgjalls í nýtilegt hráefni (NMP) til framleiðslu steinullar, sements og malbiks. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 4.05 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar og mengunar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Umfang fyrirhugaðrar framkvæmdar er hverfandi. Engar nýjar byggingar eða stækkun athafnasvæðis eru nauðsynlegar vegna framkvæmdanna. Um er að ræða breytingar á framleiðsluferli þar sem efni sem áður voru ýmist urðuð í flæðigryfjum eða flutt til útlanda til endurvinnslu eru tekin til framleiðslu og úr þeim unnið nýtilegt hráefni í annars konar starfsemi. Þar með dregur úr úrgangsmýndun og afurðin kemur í stað hráefna í annars konar framleiðslu sem hefur jákvæði áhrif í för með sér. Skipulagsstofnun tekur undir með því sem Hafrannsóknastofnun bendir á í umsögn sinni, að breytingar á framleiðsluferlum séu líklegar til að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar. Skipulagsstofnun telur, með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum, að framkvæmdin komi til með að hafa fremur jákvæð áhrif á loftgæði þar sem tekur fyrir ammoníakmengun. Áhrif á vatnshlot, hvort heldur vegna grunnvatnsvinnslu eða fráveitu, breytist óverulega með breyttri tilhögun framleiðslu. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. febrúar 2026.

Reykjavík, 7. janúar 2026

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson

